

11. ágúst 2021

Áskorun til stjórnvalda

Landspítali hefur víðtæku hlutverki að gegna, þar á meðal að vera aðal sjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús.

Það hefur verið áskorun árum saman að manna spítalann í samræmi við mannaflapörf, skortur á menntuðu fagfólki hefur orðið til þess að fækka hefur þurft legurýmum.

Síðastliðið ár hefur bæst við fordæmalaust álag. Á meðan COVID bylgjur ganga yfir í samfélaginu er mörgu ýtt til hliðar á Landspítalanum til að takast á við heilsufarslegar afleiðingar faraldursins.

Í maí 2021 var rúmanýting á meðferðarsviði á Landspítala hvergi undir 96%, þar sem æskileg rúmanýting á bráðasjúkrahúsi er 85%. Á smitsjúkdómadeild er rúmanýting í maí 99%, en það er deildin sem tekur fyrst við sjúklingum með COVID. Þegar hún er orðin full þá er Lungnadeild A6 breytt í COVID deild og þar er rúmanýting í maí 101%. Hafa ber í huga að í maí voru það ekki sjúklingar með COVID sem lágu á þessum deildum heldur aðrir sem þurfa sérhæfða þjónustu sem veitt er þarna, þjónustu sem þarf nú að veita á öðrum deildum sem eru flestar með rúmanýtingu yfir 95%. Það gefur augaleið að svigrúmið er ekki til staðar.

Að veita heilbrigðisþjónustu í farsótt er flókið og krefjandi. Starfsfólk þarf að vera stöðugt á verði, sýna sveigjanleika og ganga inn í aðstæður þar sem ríkir óvissa.

Starfsfólk hefur þurft að vera í íþyngjandi hlífðarbúnaði sem gerir starfið mun erfiðara auk þess sem það kallar á aukin mannafla. Starfsfólk býr jafnframt við áreiti utan vinnu t.d. þegar óskað er eftir auknu vinnuframlagi eða því að starfsfólk búi í einhvers konar sóttvarnakúlu umfram aðra í samfélaginu.

Á sama tíma er starfsfólk í sumarfrí, fólk sem er margt búið að standa vaktina í meira en ár, undir gríðarlegu álagi. Í byrjun sumars skapaðist umræða um áhyggjur af mönnun á spítalanum þar sem ljóst var að veruleg áskorun væri fólgin í því að uppfylla mannaflapörf yfir sumartímam þrátt fyrir að áætlaðar sumarlokanir væru víðtækari en undanfarin ár.

Starfsfólk er kjarni hvernar stofnunar. Á álagstímum þarf að hlúa sérstaklega vel að starfsfólki, þar er svo sannarlega svigrúm til að gera betur.

Fagráð Landspítala leggur áherslu á að stjórnvöld, sem og stjórnendur Landspítala, leiti allra leiða við að veita starfsfólki viðunandi vinnuaðstæður t.d. með því að skapa umhverfi þar sem ekki er þörf á að kalla fólk inn úr sumarfríum og að alltaf sé tryggt að ekki sé gengið á réttindi fólks.

Til þess að þetta sé hægt þarf að fara í verulega uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu öllu. Stofnanir þurfa að vinna þétt saman. Það þýðir ekki að hika lengur, búið er að benda á vandann í mörg ár, nú sem aldrei fyrr er tækifæri til úrbóta.

Fagráð Landspítala skorar á stjórnvöld að gera það sem þarf til að heilbrigðiskerfið, með Landspítala í fararbroddi, sé eftirsóttur vinnustaður þar sem veitt sé besta heilbrigðisþjónusta sem völ er á hverju sinni.

Fyrir hönd fagráðs Landspítala

Marta Jóns Hjördísardóttir

Marta Jóns Hjördísardóttir formaður

martjons@landspitali.is